

RÓTTÆKI SUMARHÁSKÓLINN

# Námsskrá 2014

Uppfærð 24.7.2014

## Í ÞESSARI NÁMSSKRÁ:

Um Róttæka sumarháskólann .....	3
Stefna .....	3
Sameiginleg viðmið .....	4
Um RóSu 2014 .....	5
Námsstofulýsingar .....	7
01 Kynlegar athugasemdir og öryggi kvenna í þjónustustörfum .....	7
02 Allar góðar sögur fjalla um bömmur þess að vera manneskja: Málstofa um skapandi og fræðilega textagerð .....	7
03 Verkalýðshreyfingin í sögu og samtíð: Umbætur, róttækni eða bylting?.....	8
04 Dirty Wars: Kvikmyndasýning og umræður.....	10
05 Kúgun hversdagsins: fötlunarfóðómur, margþætt mismunur og mannréttindabaráttu .....	11
06 The Right to Work: Immigrants and Refugees on the Icelandic Labour Market ..	11
07 Fighting Where We Stand! A Guide for Organizing Your Workplace.....	12
08 Living in Trees: On the Theory and Practice of Radical Environmentalism.....	12
09 Seljagarður: Býli í borg .....	13
10 Rót vandans: bíósýning og umræður með leikstjóra .....	13
11 The 4-Hour Workday: An Introduction to the Best Idea Ever .....	14
Um umsjónarkonur og -menn .....	15

# Um Róttæka sumarháskólann

## STEFNA

*Stefnan var samþykkt af framkvæmdahópi RóSu vorið 2014.*

1. Róttæki sumarháskólinn (RóSu) er skóli og hreyfing sem starfar í þágu jöfnuðar alls fólks, frelsis, fjölbreytileika og samfélagslegs réttlætis.
2. RóSu starfar í anda róttæka vinstrisins, en beitir sér fyrir gagnrýni og lifandi samræðu um markmið og aðferðir þess. Í RóSu er hvatt til þess að nýta ólík sjónarmið og nýjar hugmyndir til að stunda sjálfsskoðun og sjálfsgagnrýni.
3. Í starfi RóSu er reynt að tengja hugmyndir, gagnrýni og menntun við áþreifanlegt, pólitískt umbreytingastarf. RóSu vill stuðla að tengslamyndun milli fólks og hópa sem hefur skipulagningu róttækra aðgerða að markmiði sínu. Skólastarf RóSu leitast við að kynna róttæka vinstribaráttu sem víðast í þjóðfélaginu og framkalla nýliðun í henni.
4. RóSu leggur áherslu á andkapítalisma, afnám heimsvaldastefnu, jöfnuð kynja, náttúruvernd, sjálfbærni, lýðræði og einnig andstöðu við kynþáttahyggju, feðraveldi og cis-gagnkynhneigðarhyggju. RóSu leitast við að tengja þessi baráttumál saman á innbyrðis styrkjandi hátt, og forðast að stilla þeim upp sem andstæðum eða keppinautum.
5. Í starfi sínu leitast RóSu við að taka sérstakt tilliti til þeirra sem eru jaðarsettir vegna stéttar, kyns, þjóðernis, kynhneigðar eða annars. RóSu er opinn fyrir nýstárlegum og róttækum aðferðum til að efla þátttöku jaðarsettra hópa í starfinu.
6. RóSu sprettur upp úr, og er hluti af, róttæku pólitísku grasrótastarfi á Íslandi og stefnir að því að viðhalda öflugum tengslum við aðra róttæka hópa og samtök. RóSu er engu að síður rekinn sem óháð og sjálfstæð hreyfing og talar ekki fyrir hönd annars róttæks stjórnmalastarfs á Íslandi.
7. Allt skólastarf í Róttæka sumarháskólanum er gjaldfrjálst, rekið í sjálfböðavinnu og opið öllum án tillits til bakgrunns, reynslu eða menntunar. Undantekningu má gera á þessu ef uppákomur eru sérstaklega ætlaðar tilteknum hópum eða ef aðeins er rúm fyrir takmarkaðan fjölda, og skal þá auglýst skilmerkilega hvernig skráningu er háttað. Sé um námsefni að ræða, skal leitast við að dreifa því ókeypis.
8. Af hverju kallar Róttæki sumarháskólinn sig háskóla?
  - Með orðinu „háskóli“ er ekki átt við að RóSu sé ætlaður þeim sem njóta sín í bóklegu námi í hefðbundnum skilningi menntakerfisins. RóSu byggir ekki á stigveldi milli nemenda og kennara eða stöðluðum samanburði á frammistöðu nemenda.
  - Í RóSu er reynt að gera ólíkum formum þekkingar og reynslu jafn hátt undir höfði, hvort sem hún sprettur úr aðgerðastarfi, listum og menn-ingu, daglegu lífi, eða rannsóknum.

- Róttæki sumarháskólinn kallar sig háskóla vegna þess að hann hefur menntun og þekkingu í hávegum og vill vera eins og góður háskóli í samfélagi jöfnuðar: öllum opinn án skilyrða, gagnrýninn, gjaldfrjáls, herskár og hagnýtur.

## SAMEIGINLEG VIÐMIÐ

*Þessi viðmið lýsa því sem við teljum eftirsóknarvert andrúmsloft og samskiptahætti á opnum viðburðum Róttæka sumarháskólans. Tilgangur þeirra er að stuðla að líflegum og frjóum umræðum sem styrkja pólitískt umbreytingastarf, með aðgengileika og tillitssemi við sem flest fólk að leiðarljósi. Viðmiðin voru samþykkt af framkvæmdahópi Róttæka sumarháskólans 2014.*

RóSu er vettvangur fyrir líflegar umræður og samræður og leitast við að laða fram raddir ólíks fólks og gera sem flestum kleift að láta í sér heyra óháð mælsku, tungumálakunnáttu eða raddstyrk. Við leitumst við að skapa umhverfi þar sem fólk sem venjulega hefur sig lítt í frammi geti verið öruggara að tjá sig. Því reynum við eftir fremsta megni að:

- ... vera meðvitað um hversu mikið og lengi við tölum og forðast að „halda ræður“ í umræðum, þó svo að tiltekið málefni liggi manni mjög á hjarta.
- ... gæta að því að sýna hvert öðru virðingu, hlusta á aðra og hamla ekki tjáningu annarra. Umsjónarfólk ber ábyrgð á því að stoppa þá af sem yfirgnæfa samræður eða hafa í frammi ógnandi, fordómafullt eða hatursfullt tal. Það skal ennfremur vera meðvitað um óorðaða sam-skiptavirkni sem kann að vera í gangi í umræðum og ræða hana opinskátt ef þörf er á.
- ... festast ekki í umræðum um hvort tiltekin barátta eigi yfirhöfuð rétt á sér, heldur beina sjónum að því hvað beri að gera. Til dæmis þýðir ekki að mæta á aðgerðastofu um andóf í tilteknum málum nema maður hafi áhuga á taka þátt í því. Efasemdir um réttmæti slíks andófs eiga heima annars staðar.
- ... taka því vel ef okkur er bent á að hegðun okkar standi í vegi fyrir opnum samræðum og/eða hamli tjáningu annarra.

Hjá Rósu reynum við að skapa öruggara umhverfi fyrir sem flesta óháð kyni, kynhneigð, kynvitund, uppruna, húðlit, líkamlegu atgervi o.s.frv. Þess vegna:

- ... er ákjósanlegt, í aðgerðarstofum og smærri námsstofum, að biðja hverja og eina manneskju um að kynna sig og einnig að nefna með hvaða fornafni hún vill vera ávörpuð. Í umræðum er þar að auki gott að leyfa „hér og nú“ samskipti, þ.e. að skoðanir séu settar fram í trúnaði hópsins.
- ... notum við „trigger warnings“, þ.e. látum fólk vita ef að ætlunin er að segja frá eða sýna efni sem gæti framkallað óþægilegar minningar hjá fólki sem hefur mátt þola ofbeldi.
- ... hugum að því að róttæk málefni geta verið mjög persónubundin og á RóSu á að vera hægt að ræða allar hliðar mannlífsins. Gætum þess þó að umræður snúist ekki um persónulegar deilur milli einstaklinga.

- ... forðumst að alhæfa um samfélagshópa sem við tilheyrum ekki eða okkur skortir þekkingu á, að segja öðrum fyrir verkum eða hvernig þau eigi að túlka eða bregðast við óréttlæti í sinn garð. Þetta á sérstaklega við um valdaminni og jaðarsetta hópa.
- ... erum tilbúin að horfast í augu við eigin forréttindastöðu. Eftirfarandi atriði er gott að hafa í huga við slíka sjálfskoðun:
  - Hver er staða og forréttindi mín gagnvart öðrum í hópnum? Er ég til dæmis gagnkynhneigð/hinsegin, kona/karl, innlend/erlend, menntuð/ómenntuð, fötluð/ófötluð, heilshraust/heilsuveil, vinnufær/óvinnufær, cis/trans?
  - Hef ég mikil forréttindi saman borið við aðra í hópnum?
  - Ef ég er manneskja sem yfirleitt tala mikið og á það til að yfirgnæfa umræður þá er gott að ég íhugi að stíga aðeins til baka og hlusti meira en venjulega.

## UM RÓSU 2014

Sérstakt þema á RóSu 2014 er verkalýðsbarátta sem er rauður þráður í gegnum margar námsstofurnar í ár, en á dagskránni eru einnig viðburðir sem ekki tengjast þemanu.

Alls verður boðið upp á 11 námsstofur sem lýst er nánar í þessu skjali. Stundaskráanna má sjá aftast í námsskránni. Af 11 námsstofum verða fjórar á ensku, og eru lýsingarnar á þeim jafnframt á ensku. Lengd flestra námsstofa er 1 klukkustund og 45 mínútur, en þrjár þeirra ná yfir meira en eina kennslustund og eru þær merktar sérstaklega í námsskránni.

Í lok dagskrárinnar verður haldinn sérstakur uppskerufundur þar sem öllum áhugasömum gefst færi á að segja skoðun sína á RóSu 2014, bjóða sig fram til frekar verkefna, og almennt ræða um stöðuna.

Á RóSu 2014 verður sú nýbreytni að bjóða upp á mat í sérstöku matarhléi sem yfirleitt verður milli 19:15 og 20:00. Maturinn verður ókeypis og framreiddur af sjálfboðaliðum úr vistvænum hráefnum. Ef maturinn klárast er stutt fyrir gesti að fara niður í Nóatún á jarðhæð í sömu byggingu og kaupa sér eitthvað matarkyns.

Allir gestir RóSu eru hvattir til að taka föstudagskvöldið 15. ágúst frá fyrir parti þar sem ætlunin er að slaka á yfir drykkjum, spjalla saman og kynnast. Partíð verður auglýst nánar þegar nær dregur.

Líkt og áður verður tekið við frjálsum framlögum til að eiga fyrir ýmsum kostnaði, sér í lagi vegna matar, plakatagerðar, vefhýsingar og skrifstofuvara. Langtímamarkmið fjáröflunarinnar er að vikka út kvíar RóSu, til dæmis með því að bjóða erlendum fyrirlesara eða að geta fært hluta af starfseminni út á land.

Framkvæmdahópur sem skipaður var í kjölfar RóSu 2013 annaðist skipulagningu Róttæka sumarháskólans 2014. Í honum sitja Sólveig Anna Jónsdóttir, Nanna Hlín Halldórsdóttir, Íris Ellenberger, Hjalti Hrafn Hafþórsson, Hildur Þóra Sigurðardóttir, Pontus Järvstad, Viðar

Þorsteinsson og Áslaug Einarsdóttir. Á uppskerufundinum í lok RóSu 2014 munum við ákveða dagsetningu fyrir næsta aðalfund þar sem ný framkvæmdahópur verður kjörinn.

# Námsstofulýsingar

\* = Tvöfaldur tími

EN = Fer fram á ensku

## 01 KYNLEGAR ATHUGASEMDIR OG ÖRYGGI KVENNA Í ÞJÓNUSTUSTÖRFUM

*Umsjón:* Elín Inga Bragadóttir og Margrét Helga Erlingsdóttir

*Lýsing:* Lögum samkvæmt á áhættumat á vinnustöðum að ná til allra þeirra þátta í starfsumhverfi sem geta haft áhrif á heilsu og öryggi starfsfólks. Til dæmis er það skylda atvinnurekenda í byggingariðnaði að sjá til þess að öryggi starfsfólks sé tryggt með búnaði á borð við hjálma og jafnframt að sjá starfsfólki fyrir slíkum búnaði og tryggja að hann sé rétt notaður. En hvað með tilfinningalegt öryggi ungra kvenna í þjónustustörfum? Hvaða tæki hafa þær til að verjast áreiti og lítillækkandi framkomu við sín störf í auðvaldssamfélagi þar sem „kúnninn á alltaf að hafa rétt fyrir sér“?

Umsjónarkonur námsstofunnar stofnuðu Facebook-hópinn *Kynlegar athugasemdir á* vormánuðum 2014, en þar gefst fólki kostur á að halda eins konar opið bókhald yfir atvik þar sem kynjamismunur á sér stað. Í frásögnum hópsins má greina nokkur meginþemu, en eitt þeirra er lítillækkandi framkoma í garð ungra kvenna í þjónustustörfum. Aragrúi innleggja um þessi mál sýnir að kynbundið áreiti er landlægt vandamál innan þjónustugeirans og að öryggi kvenna í þessari starfsstétt varðar er verulega ábótavant. Í þessari málstofu verður sjónum beint að því kerfisbundna, samfélagslega vandamáli sem sögur þessara kvenna varpa ljósi á, og fjallað um úrræða- og öryggisleysi sem ungar konur í þjónustustörfum búa við í auðvaldssamfélagi karlaveldis.

*Tími:* Fimmtudagur 14. ágúst 17:30-19:15

## 02 ALLAR GÓÐAR SÖGUR FJALLA UM BÖMMER ÞESS AÐ VERA MANNESKJA: MÁLSTOFA UM SKAPANDI OG FRÆÐILEGA TEXTAGERÐ \*

*Umsjón:* Bryndís Björgvinsdóttir, Nanna Hlín Halldórsdóttir og Hildur Knútsdóttir

*Lýsing:* Í málstofunni verður rætt um skapandi og fræðileg textaskrif út frá ólíkum sjónarhornum með því markmiði að varpa ljósi á samfélagslegan umbreytingarkraft texta og skáldskaps. Rýnt verður í margvíslegar sagnagerðir auk þess sem framvinda og persónusköpun í skáldskap verður skoðuð. Fjallað verður um hefðbundin pólitísk pistaskrif sem og óhefðbundari, listrænni skrif í samhengi við samfélagsgagnrýni. Þá verður rætt um þá áskorun að koma sér að verki við skriftir, auk þess sem virkni húmors í textagerð verður til umræðu. Á milli þess sem aðstandendur málstofu halda stutta tölu

um kraftinn sem býr í textanum mun þáttakendum bjóðast að leika sér að orðum og texta í gegnum æfingar sem koma umbreytandi hugarflugi á stað.

Málstofan nýtist þeim sem hafa áhuga á hverskonar skrifum á ölli litrófi hins fræðilega og skapandi. Markmið málstofunnar er að kynna og skoða nokkur verkfæri sem gagnast textasmíðum, sem og að skapa samræðu um ritferlið og virkni ólíkra skrifa. Málstofan samanstendur af nokkrum styttri fyrirlestrum, umræðum og samvinnu.

*Tími:* Sunnudagur 17. ágúst 15:30-17:15; Mánudagur 18. ágúst 17:30-19:15

03 **VERKALÝÐSHREYFINGIN Í SÖGU OG SAMTÍÐ: UMBÆTUR, RÓTTÆKNI EÐA BYLTING?** ✱

*Umsjón:* Árni Daníel Júlíusson, Drífa Snædal og Magnús Sveinn Helgason

*Lýsing:* Námsstofan er samsett úr þremur fyrirlestrum og umræðum sem deilt verður niður á tvær kennslustundir við upphaf og lok dagskrárinnar. Fyrirlesarar munu sitja fyrir svörum sameiginlega.

*Árni Daníel Júlíusson: Endurbótastefna og byltingarstefna – Tvær sálir verkalýðshreyfingarinnar í Evrópu*

Rekja má sögu flestra róttækra vinstri flokka með eitthvert fylgi sem nú starfa í Evrópu, t.d. í Danmörku, Hollandi og víða í Suður-Evrópu, beint til byltingarinnar sem kennd er við 1968. Eftir að yfirstandandi kreppa hófst 2008 hefur hlaupið mikill vöxtur í þann hluta verkalýðshreyfingarinnar sem berst gegn kapítalisma með andófi og uppreisnum, oft utan verkalýðsfélaga og hefðbundinna stjórn mála flokka. Þetta á við hér á landi, á Spáni, í Portúgal, Grikklandi og miklu víðar. Jafnvel hafa orðið til glænýjrir róttækir vinstri flokkar eins og Podemos á Spáni.

Í þessum fyrirlestri verður fjallað um söguleg tengsl verkalýðsbaráttu við róttækt pólitískt andóf í Evrópu. Meginstraumarnir í starfi verkalýðshreyfingarinnar allt frá dögum Parísarkommúnunnar árið 1870 hafa lengst af verið tveir: reformismi eða endurbótastefna og svo byltingarsinnaður radíkalismi eða byltingarstefna. Á tímabilinu 1890-1914 varð endurbótastefna ofan á í mörgum verkalýðsflokkum, meðal annars í hinum öfluga þýska sósíaldemókrataflokkum sem greindi sig frá byltingarstefnu annarra flokka. Svíþjóð og Sovétríkin voru um miðja tuttugustu öld tákngervingar fyrir þá sigra sem verkalýðsinnuð stjórn mála baráttu vann, þótt með ólíkum hætti væri. Um 1968 hófst ný byltingaralda sem gekk þvert á bæði endurbótastefnu og stefnu margra byltingarsinnaðra kommúnistaflokka. '68 byltingaraldann leiddi til stofnunar nýrra róttækra vinstri flokka en einnig efldust mjög nýrri félags- og baráttuhreyfingar sem börðust til dæmis fyrir umhverfisvernd og réttindum kvenna og samkynhneigðra.



Þær róttækar hreyfingar í Evrópu sem mestum árangri hafa náð byggja á þessari arfleifð '68 byltingarinnar, um leið og hinnar stóru spurningar um byltingu eða umbætur er ennþá spurt. Hvert er samspil umbótastefnu og byltingarhreyfingar í dag? Er hægt að samþætta endurbótastefnu og róttækni svo vel fari?

*Magnús Sveinn Helgason: Ríkisvaldið og framtíðarríki verkalýðsins*

Þessi fyrirlestur varpar ljósi á rætur „sænska móðelsins“, fyrirmyndar norræna velferðaríkisins, og hverjar forsendurnar séu til að verja eða endurreisa þetta módel í dag. Fjallað verður um þróun hugmynda sænsku sósíalístahreyfingarinnar um hvernig beita mætti ríkisvaldinu til þess að skapa framtíðarríki verkalýðsins, og þróun sósíaldemókrataflokksins í átt að umbótastefnu og áherslu á að bæta kjör alþýðunnar hér og nú, frekar en að stefna að byltingu.

Sænski sósíaldemókrataflokkurinn lagði áherslu á að endurskapa samfélagið sem alþýðheimili, *folkhem*, sem tæki mark á öllum samfélagsþegnum og alþýðufólk gæti átt öruggt heimili og búið við mannsæmandi kjör. Alþýðheimilið var svo aftur grundvallað á sátt á vinnumarkaði milli ríkisvaldsins, verkalýðsfélaga og atvinnurekenda þar sem áhersla var lögð á framleiðniaukningu: Aðeins með því að auka framleiðni og afköst sænsks iðnaðar myndi hann geta framleitt næg verðmæti til að tryggja allri alþýðu landsins batnandi líf skjör, mannsæmandi húsnaði og efnahagslegt öryggi. Á innan við hálfri öld þróaðist framtíðarsýn sænskra sósíalista úr því að vera sósíalískt fyrirmyndarríki alþýðunnar yfir í sósíaldemókratískt fjöldaneyslusamfélag.

Í fyrirlestrinum verður sú þróun sem lá til grundvallar þessari þróun greind og leitast við að svara því hvernig sænska verkalýðsstéttin sættist á málamiðlun við atvinnurekendur. Í því sambandi verður að líta til sænsku neytendahreyfingarinnar, samvinnuhreyfingarinnar, sem lék lykilhlutverk í því að móta hugmyndir sænsku verkalýðshreyfingarinnar um fyrirmyndarsamfélagið og það fyrirkomulag hagstjórnar og skipulag efnahagslífsins sem þjónaði alþýðunni best.

*Drífa Snædal: Verkalýðshreyfingin og kvenfrelsið – sambúð eða fjarbúð?*

Í fyrirlestrinum verður staða kvenna í dag innan verkalýðsfélaga og á vinnumarkaði sem enn er mjög kynskiptur sett í brennidepil. Hvernig hefur skipulag verkalýðshreyfingarinnar áhrif á baráttuna fyrir jafnrétti kynjanna? Getur róttæk barátta fyrir jafnrétti fundið sér farveg innan rótgróinna stofnana eins og verkalýðsfélaga eða þarf róttækni að koma utanfrá?

Í erindinu verða hin hefðbundnu stéttarfélög á almenna markaðnum skoðuð með kynjagleraugunum, og farið verður yfir hvar kynbundinn launamunur birtist og hvernig. Vinnumarkaðurinn er ekki aðeins kynskiptur varðandi laun heldur líka í aðbúnaði hefðbundinna kvennastétta og karlastétta. Því verður að skoða áskoranir

jafnréttisbaráttunnar á vinnumarkaði út frá fleiri sjónarhornum en því sem birtist í launaumslaginu. Litið verður til Norðurlandanna og hvernig þar hefur tekist til að flétta kvenfrelsi inn í starf verkalýðshreyfingarinnar.

Þá verður rætt um hvernig uppbygging verkalýðshreyfingarinnar breyttist með sameiningu einstakra félaga, sem leiddi til þess að verkakvennafélögin liðu undir lok. Hvert var hlutverk þeirra og hvernig hefur það hlutverk skilað sér inn í hin blönduðu félög í dag? Störfuðu verkakvennafélögin í anda kvenfrelsis á sínum tíma og var það til bóta fyrir jafnréttisbaráttuna að sameina þau öðrum félögum?

Boðið verður upp á umræður að fyrirlestri loknum og þátttakendur eru hvattir til að mæta með eigin hugmyndir, spurningar og tillögur.

*Tími:* Miðvikudagur 13. ágúst 20:00-21:15; Mánudagur 18. ágúst 20:00-21:45

04 **DIRTY WARS: KVIKMYNDASÝNING OG UMRÆÐUR** ✱

*Umsjón:* Sólveig Anna Jónsdóttir

*Lýsing:* Árið 2013 komu út bókin *Dirty Wars* og heimildamynd með sama nafni eftir bandaríska blaðamanninn Jeremy Scahill. Scahill hafði áður gefið út bókina *Blackwater: The Rise of the World's Most Powerful Mercenary Army*, en hún var mikilvægt innlegg í umræðuna um hið svokallaða stríð gegn hryðjuverkum og einkavæðingu hernaðar. *Dirty Wars* hefur hlotið mikla athygli og var myndin m.a. tilnefnd til Óskarsverðlauna í flokki heimildamynda. *Dirty Wars* segir frá leynilegum hernaðaraðgerðum bandaríska hersins í Afganistan, Sómalíu og Jemen sem sérstök deild innan hersins, Joint Special Operations Command eða JSOC, stendur fyrir. JSOC sér meðal annars um að drepa fólk sem sett hefur verið á vígalista bandarískra stjórnvalda. Listinn er leynilegur, og dæmi eru um að jafnvel bandarískir ríkisborgarar hafi lent á honum, en hann á að innihalda hættulega óvini ríkisins og er samþykktur af forseta Bandaríkjanna.

Scahill fjallar um þessar aðgerðir og hættuna sem lýðræðinu og réttarríkinu stafar af því að ríkisvaldið taki sér óheft vald til að taka fólk af lífi án dóms og laga, og heyja leynileg stríð án þess að þingið hafi nokkuð marktækt eftirlit með. Þær aðgerðir sem Scahill lýsir í bók sinni og mynd eru allar hafnar yfir eftirlit þings og dómstóla og fara að mestu framhjá fjölmiðlum, og þar með almenningi. *Dirty Wars* hefur orðið til þess að vekja bandarískan almenning til meðvitundar um að þótt Barack Obama hafi lofað breytingum og lýst því yfir að stríðinu í Írak sé lokið, hafa litlar sem engar breytingar orðið á stríðinu gegn hryðjuverkum. Myndin er skylduáhorf fyrir áhugafólk um bandaríska utanríkisstefnu og baráttufólk gegn heimsvaldastefnu Vesturlanda. Að sýningu lokinni verður boðið upp á umræður og skoðanaskipti um efni hennar.

*Tími:* Sunnudagur 17. ágúst 17:30-20:45

05 **KÚGUN HVERSDAGSINS: FÖTLUNARFORDÓMAR, MARGPÆTT MISMUNUN OG MANNRÉTTINDABARÁTTA**

*Umsjón:* Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir

*Lýsing:* Í íslensku samfélagi flokkast mál sem snúa að fötlun almennt undir velferðarmál. Þetta veldur því að hópur fatlaðs fólks gleymist gjarnan í almennri umræðu um réttindi og stöðu ólíkra jaðarhópa samfélagsins. Í námsstofunni verður fjallað um fötlunarfordóma og hugtakið „ableism“, sem notað er um kerfisbundna mismunun og fordóma í garð fatlaðs fólks. Fjallað verður um ableisma í sögulegu samhengi og í tengslum við stöðu annarra hópa samfélagsins og réttindabaráttu þeirra. Farið verður yfir það hvernig fötlun birtist okkur í fjölmiðlum og hvað liggur að baki þeim meðvituðu og ómeðvituðu hugmyndum sem við höfum um fötlun og fatlað fólk. Skoðaðar verða birtingarmyndir ableisma innan annarra undirskipaðra hópa og hvenig ableismi getur hindrað þátttöku fatlaðs fólks í t.d. feminískum hreyfingum og hinsegin baráttu.

Nemendur verða hvattir til að líta inn á við og skoða sín eigin viðhorf út frá hugmyndum um ableisma. Persónulegar frásagnir fatlaðs fólks verða nýttar til þess að skoða hvaða áhrif ableismi hefur á daglegt líf fólks en jafnframt verður rætt hvernig hægt sé að hafa áhrif í rótgrónar hugmyndir samfélagsins um fatlað fólk. Boðið verður upp á umræður og fyrirspurnir um efnið og er fyrirlesturinn ætlaður öllum þeim sem hafa áhuga á jafnréttismálum og vilja takast á við fordóma, bæði hjá sjálfum sér og í samfélaginu.

*Tími:* Miðvikudagur 13. ágúst 17:30-19:15

06 **THE RIGHT TO WORK: IMMIGRANTS AND REFUGEES ON THE ICELANDIC LABOUR MARKET EN**

*Umsjón:* Fatima Hussaini

*Lýsing:* Given that Iceland has one of the lowest number of refugees and immigrants in the world, the conditions that they meet in the Icelandic labour market are surprisingly discriminatory. This course, which will be conducted in English, introduces the participants to Icelandic labour law and briefly compares it with the international labour conventions which Iceland has ratified. During this discussion we will focus on the issues facing refugees and immigrants in Iceland. One of the most common demands that individuals belonging to these groups make is the right to work. This demand is of great importance, as immigrant families typically depend on wage income for basic survival. The lack of occupation and income poses serious challenges to the motivation, mental well-being, self-image and dignity of most people. The course will be split between a lecture and discussions with refugees and immigrants who have personal experiences of

the Icelandic labour market. There will also be time for discussion open to all participants.

*Tími:* Laugardagur 16. ágúst 17:30-19:15

07 **FIGHTING WHERE WE STAND! A GUIDE FOR ORGANIZING YOUR WORKPLACE** EN

*Umsjón:* Pontus Järvstad

*Lýsing:* This training will give you a basic overview of ways to organizing your workplace. It will talk about how you and your co-workers can come together to fight for better working conditions and gain influence over your daily lives. We will talk about strategy and tactics in doing so, the different steps to take in preparation for an action, and how we deal with the reaction of the boss. By coming together as workers, we can build solidarity and gain power to fight for issues that concern each and every one of us, be it environmentalism, feminism or anti-racism. The training will be split between a lecture and a role-playing scenario, where participants get a chance to implement some of the ideas discussed.

The organizer of this training is Industrial Workers of the World (IWW). The IWW is an anti-capitalist and international union that has been going strong for over a hundred years. The union is entirely run by its rank-and-file members, and its method is direct action. Decisions are not made by a bureaucracy behind the scenes but directly by the members themselves.

*Tími:* Þriðjudagur 19. ágúst 17:30-19:15

08 **LIVING IN TREES: ON THE THEORY AND PRACTICE OF RADICAL ENVIRONMENTALISM** EN

*Umsjón:* Tófa

*Lýsing:* This presentation is built around the presenter's personal experiences of the radical and anti-authoritarian environmental scene in Western Europe. The presentation will roughly sketch up the political outlines and ideology of this scene in its publicly visible manifestations. This is not an official international movement, but rather an interconnected network of struggles that are in solidarity with one other. The ZAD or Notre Dame des Landes land occupation in France (<http://zad.nadir.org/>) will be discussed as an example with pictures and footage. For 40 years local inhabitants have resisted the constructions of an airport and in the last years have been joined by many different individuals and groups.

A moment will be taken to reflect on the positive and the negative aspect of making the battleground one's home, and a few different tactics will be presented. Some of the problems and internal conflicts that can arise within communities of resistance will be discussed, and what can be done to solve them. Finally, a connection will be made to the status of environmental struggle in Iceland today and how it could benefit from a more radical ideology in order to have a sustainable existence and become more effective.

*Tími:* Laugardagur 16. ágúst 13:00-14:45

#### 09 SELJAGARÐUR: BÝLI Í BORG

*Umsjón:* Steinunn Ásgeirsdóttir og Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir

*Lýsing:* Sumarið 2014 hóf hópurinn *Miðgarður – borgarbyli* uppbyggingu borgarbylis í Reykjavík sem nefnist Seljagarður (<http://www.seljagardur.is>). Hópurinn hefur unnið að því að búa til gróðurhús, matjurtabeð, stíga og fleira í Seljagarði. Markmiðið er að búa til sjálfbæran rekstur þar sem að hverfisbúar og aðrir í samfélaginu geta tekið þátt í ræktun bæði innan- og utandyra, sótt námskeið í lífrænum lífstíl eða bara sest niður og spjallað með heitan bolla af njólakaffi.

Í þessum fyrirlestri verður hugmyndafræðin um samvinnu og sameiginlega ræktun skoðuð og hvernig hún birtist inn á milli arfans, samskipta og lausnamiðaðs hugarfars. Stefnan er að borgarbylið verði sjálfbært og velt verður upp mismunandi útfærslum af sjálfbærum Seljagarði. Hugmyndafræði permakúltúrs verður kynnt, en permakúltúr er aðferð sem styðst við fyrirmyndir úr náttúrunni til að hanna kerfin sem eru nauðsynleg til að uppfylla þarfir okkar. Fjallað verður um hvernig permakúltúr getur orðið að liði í umhverfisverndarbaráttunni og gefið okkur forsmekk af matvælaframleiðslu sem þjónar ekki sérhagsmunum og skammtímagróða, heldur hagsmunum almennings og náttúrunnar.

*Tími:* Laugardagur 16. ágúst 15:30-17:15

#### 10 RÓT VANDANS: BÍÓSÝNING OG UMRÆÐUR MEÐ LEIKSTJÓRA

*Umsjón:* Jón Bragi Pálsson

*Lýsing:* Heimildamyndin *Rót vandans: Ísland og loftslagsbreytingar* eftir Jón Braga Pálsson fjallar um umræðuna um loftslagsbreytingar á Íslandi og byggist á viðtölum við vísinda- og fræðimenn á sviði loftslagsbreytinga. Myndin beinir spjótum sínum að neyslumiðuðum lausnum á loftslagsvandinum og hugmyndinni um að hlýnun jarðar sé af hinu góða fyrir Íslendinga, með beinskeyttri gagnrýni á íslenskt neyklusamfélag. Heimildarmyndin gefur jafnframt innsýn inn í þverstæður þess að lifa hversdagslegu lífi í veröld neytandans og takast á við alvarleika hlýnunar jarðar. Myndin hefur fengið góðar viðtökur og var hún t.a.m. sýnd á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg. Sýningartími er

28 mínútur, og að sýningu lokinni mun Jón svara spurningum úr sal varðandi efni myndarinnar og ræða við áhorfendur um lofslagsbreytingar og umræðuna um þær á Íslandi. Trailer fyrir myndina má sjá hér: <http://earth101.is/video/>

*Tími:* Fimmtudagur 14. ágúst 20:00-21:45

11 **THE 4-HOUR WORKDAY: AN INTRODUCTION TO THE BEST IDEA EVER EN**

*Umsjón:* Thomas Brorsen Smidt

*Lýsing:* The 4-hour work day has long been a part of labour ideology, from John Maynard Keynes to Bertrand Russell through Paul Lafarge to the Industrial Workers of the World. It remains, however, a utopian dream even in the minds of those who desire it the most. As beautiful as this idea is, it seems impossible... right? If we only work four hours per day, but keep the same income, won't the economy collapse under inflation? Will the wheels of society not stop spinning if we cut working hours by half? Won't there be a shortage of goods? Won't our economy stop growing? These are the unstated questions on the minds of those who either completely reject or doubt this idea.

In this short introductory talk on the 4-hour work day, I will show that this idea is not only possible, but the only sensible thing to do if we have any aspirations about living a happy and content life, saving the planet, stabilising a dying economy, and not lose our minds in the process. Far from being a utopian ideal, I will argue that the 4-hour work day has the potential to eradicate unemployment, student debts, and institutionalised child-raising. It will also stabilise the rate of profit, increase aggregate demand, and save public resources, and most importantly, it will boost our health, well-being and create opportunities for more gender equality in society. Following the talk, time will be given for discussion.

*Tími:* Sunnudagur 17. ágúst 13:00-14:45

## Um umsjónarkonur og -menn

**Árni Daníel Júlíusson** er sagnfræðingur. Hann er sjálfstætt starfandi og hefur verið virkur í Íslandsdeild Attac-samtakanna.

**Bryndís Björgvinsdóttir** er aðjúntkt við Listaháskóla Íslands. Hún er þjóðfræðingur að mennt og leggur stund á nám í ritlist við Háskóla Íslands.

**Drífa Snædal** er framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands, sem er stærsta landssambandið innan ASÍ. Drífa er menntuð í viðskiptafræði, kynjafræði og vinnumarkaðsfræði og hefur áður starfað í stjórnmálum og innan kvennahreyfingarinnar.

**Elín Inga Bragadóttir** stundar nám í heimspeki við Háskóla Íslands, er meðlimur í hugsjóna- og listahópnum Barningi og önnur stofnkvenna facebooksíðunnar Kynlegra athugasemda.

**Embla Guðrúnar Ágústsdóttir** stundar nám í félags- og kynjafræði við HÍ ásamt því að vera verkefnastýra Tabú. Hún er femínisti og aktivisti sem hefur tekið virkan þátt í allskyns réttindabaráttu, sér í lagi réttindabaráttu fatlaðs fólks.

**Fatima Hussaini** is currently working at one of the schools associated with Hjallastefnan. She has been a member of IWW-Iceland since October 2013, and has worked as a refugee committee member with IWW.

**Freyja Haraldsdóttir** er þroskaþjálfari með viðbótardiplómu í hagnýtri jafnréttisfræði frá HÍ. Hún er femínisti og aktivisti og starfar í dag sem verkefnastýra og ráðgjafi hjá Tabú.

**Hildur Knútsdóttir** er rithöfundur. Hún er með BA-próf í ritlist með bókmenntafræði sem aukafag og hefur starfað sem textasmiður á auglýsingastofu.

**Jón Bragi Pálsson** er nýgræðingur í heimildarmyndagerð en *Rót vandans* er hans fyrsta heimildarmynd. Jón útskrifaðist úr Hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Ísland nú í vor þar sem *Rót vandans* var lokaverkefni hans. Hann lauk einnig BA-gráðu í heimspeki vorið 2012.



**Magnús Sveinn Helgason** er sagnfræðingur og stundakennari við Háskólann á Bifröst. Magnús hefur á undanförunum árum rannsakað sænsku samvinnuhreyfinguna og þátt hennar í mótun sænska velferðarsamfélagsins.

**Margrét Helga Erlingsdóttir** stundar nám í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, er meðlimur í hugsjóna- og listahópnum Barningi og önnur stofnkvenna facebooksíðunnar Kynlegra athugasemda.

**Nanna Hlín Halldórsdóttir** leggur stund á fræðileg og skapandi skrif af margvíslegum toga auk þess sem hún doktorerar í heimspeki og kennir þá iðju í ólíkum kimum skólakerfisins.

**Pontus Järvstad** is working in an elderly home in Reykjavik and is studying history at the University. He has been a member of the IWW Iceland since September 2013.

**Sólveig Anna Jónsdóttir** er róttækur sósíalísti. Hún er meðlimur í Attac á Íslandi, situr í miðnefnd Samtaka hernaðarandstæðinga og er í framkvæmdahópi Róttæka sumarháskólans 2014.

**Steinunn Ásgeirsdóttir** vinnur á Hagstofu Íslands og hefur lokið fyrsta námskeiði til diplómu í Permakúltur/Vistrækt. Steinunn situr í bráðabirgðastjórn sem vinnur að undirbúningi fyrir stofnun vistræktarfélags á Íslandi næstkomandi haust.

**Thomas Brorsen Smidt** is a long-time public lecturer on issues of sexuality and gender. He is currently writing his PhD as part of a research project for the European Commission on the implementation of actions in European Universities to promote a gender equal culture and combat career instability and asymmetries.

**Tófa** has devoted the majority of her time and energy in the last four years to traveling and being active within the radical environmental scene in Europe. She is a radical anti-authoritarian feminist, and has actively supported the work of Calais Migrant Solidarity.

**Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir** er teiknari og hreyfimyndagerðamaður. Hún er einnig baráttukona fyrir jafnrétti og hefur verið virk í kvenréttindabaráttunni. Nú vinnur hún að uppbyggingu Seljagarðs ásamt öðrum gul-róttæklingum og orkuboltum.



# STUNDASKRÁ

	mið. 13. ágúst	fim. 14. ágúst	fös. 15. ágúst	lau. 16. ágúst	sun. 17. ágúst	mán. 18. ágúst	þri 19. ágúst	
13:00-13:15				08 <b>Radical environmentalism today</b>	11 <b>The 4-hour workday</b>			
13:30-13:45				- Tófa	- Thomas Brorsen Smidt			
14:00-14:15								
14:30-14:45								
15:00-15:15				HLÉ (45 min.)	HLÉ (45 min.)			
15:30-15:45				09 <b>Borgarbylið Seljagarður</b>	02 <b>Allar góðar sögur: Textagerð I</b>			
16:00-16:15				- Steinunn Ásgeirsdóttir og Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir	- Bryndís Björgvinsdóttir, Nanna Hlín Halldórsdóttir og Hildur Knútsdóttir			
16:30-16:45								
17:00-17:15								
17:30-17:45	05 <b>Kúgun hversdagsins</b>	01 <b>Kynlegar athugasemdir</b>	<b>– Partí! –</b> (auglýst sérstaklega)	06 <b>Immigrants and the right to work</b>	04 <b>Dirty Wars - bíó og umræður</b>	02 <b>Allar góðar sögur: Textagerð II</b>	07 <b>Fighting where we stand! Organizing your workplace</b>	
18:00-18:15	- Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir	- Elín Inga Bragadóttir og Margrét Helga Erlingsdóttir		- Fatima Hussaini	- Sólveig Anna Jónsdóttir	- Bryndís Björgvinsdóttir, Nanna Hlín Halldórsdóttir og Hildur Knútsdóttir	- Pontus Järvestad	
18:30-18:45								
19:00-19:15						MATUR (45 min.)		
19:30-19:45	MATUR (45 min.)	MATUR (45 min.)				04 <b>Dirty Wars - bíó og umræður frh.</b>	MATUR (45 min.)	MATUR (45 min.)
20:00-20:15	03 <b>Verkalýðshreyfingin I</b>	10 <b>Rót vandans - bíó og umræður</b>			- Sólveig Anna Jónsdóttir	03 <b>Verkalýðshreyfingin II</b>	<b>Uppskerufundur</b>	
20:30-20:45	- Árni Daniél Júlíusson, Drífa Snædal og Magnús Sveinn Helgason	- Jón Bragi Pálsson				- Árni Daniél Júlíusson, Drífa Snædal og Magnús Sveinn Helgason	- Allir velkomnir!	
21:00-21:15								
21:30-21:45								